

Nd.

173. Frumvarp til laga

[120. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

12. gr. laganna breytilist sem hér segir:

- a. Í stað orðanna „eftir að leitað hefur verið umsagnar“ í 4. mgr. komi: að fengnu samþykki.
- b. Fyrir „kr. 4000.00“ í 7. mgr. komi: kr. 10 000.00.

2. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á sama hátt er lögreglustjórum heimilt, ef sérstaklega stendur á, að banna um stundarsakir afhendingu áfengissendinga, þar á meðal úr pósti.

3. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður.

Óheimilt er að selja þeim manni áfengi, er sekur hefur gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis.

Yngri mönnum en 20 ára má ekki veita, selja eða afhenda áfengi með nokkrum hætti. Ávallt þegar ástæða er til að ætla, að kaupandi eða viðtakandi áfengis hafi ekki náð þessum aldri, skal sá, sem selur, veitir eða afhendir það, láta hlutaðeiganda sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskirteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

Skylt er að tilkynna útsölustöðum Áfengisverzlunarinnar jafnóðum, hverjir gerzt hafa brotlegir samkvæmt þessari grein.

Nánari ákvæði skal setja í reglugerð.

4. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Áfengissendingar skulu greinilega merktar þannig, að séð verði á umbúðum, að innihald sendingarinnar sé áfengi ætlað til neyzlu. Nú leikur vafi á, hvort áfengi sé í sendingu, og skal þá hlutaðeigandi afgreiðslumaður, þar á meðal póstafréttislaumaður, neita að taka við sendingu.

5. gr.

Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ökumönnum leigubifreiða og annarra almenningsbifreiða er bannað að taka ölvuð ungmenni yngri en 20 ára til flutnings í bifreiðum sínum eða leyfa þeim áfengisneyzlu þar. Þó skal heimilt að flytja slík ungmenni án tafar til heimila þeirra, til lögreglugluyfirvalda og á sjúkrahús. Þá er ölvaður maður óskar flutnings með leigubifreið eða annarri almenningsbifreið, eða farþegi í slíku farartæki neytir áfengis í því, skal bifreiðarstjóri krefjast þess, að hlutaðeigandi sanni aldur sinn með nafnskirteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt, ef hann hefur ástæðu til að ætla, að hlutaðeigandi hafi ekki náð 20 ára aldri.

6. gr.

Við 20. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Bannað er að bera með sér áfengi inn á veitingastaði, annað en það, sem þangað er flutt til heimilla veitinga. Á sama hátt er bannað að bera með sér áfengi út af veitingastað.

Ungmönnum yngri en 18 ára er óheimil dvöl eftir kl. 8 að kvöldi á veitingastað, þar sem vínveitingar eru leyfðar, nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Dyraverðir, eftirlitsmenn og framreiðslumenn skulu láta ungmenni, er koma á slíka staði eða dveljast þar eftir kl. 8 að kvöldi án samfylgdar foreldra sinna eða maka, sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskirteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt, enda sé ástæða til að ætla, að hlutaðeigandi hafi ekki náð 18 ára aldri.

7. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Dómsmálaráðherra er heimilt að fela félagsmálaráði Reykjavíkur störf áfengisvarnanefndar í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti. Ráðherra kveður nánar á um starfssvið í reglugerð. Skipan félagsmálaráðs, fjöldi ráðsmanna og kjörtímabil ákvarðast af borgarstjórn Reykjavíkur.

8. gr.

Sektarákvæði í 39. gr. laganna breytist þannig, að í stað „800—8000“ komi: 1500—15 000, og í stað „1600—20 000“ komi: 3000—30 000.

9. gr.

Sektarákvæði í niðurlagi 40. gr. laganna breytist þannig, að í stað „200—4000“ komi: 500—5000.

10. gr.

41. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn ákvæðum 16. gr. varða sektum frá 500—2000 kr., nema annað sé ákveðið hér á eftir.

Sala eða veitingar og hvers konar afhending áfengis til ungmenna yngri en 20 ára varðar sektum frá 1000—10 000 kr.

Áfengi, sem ungmenni yngri en 20 ára hafa undir höndum, skal gert upptækt.

11. gr.

Sektarákvæði í 1. mgr. 42. gr. laganna breytist þannig, að í stað „200—8000“ komi: 500—8000, og í stað „400—16 000“ komi: 1000—16 000.

Við 42. gr. laganna bætist ný málsg. svo hljóðandi:

Brot gegn 5. málsg. 19. gr. varða sektum frá 500—4000 kr.

12. gr.

43. gr. laganna orðist svo:

Brjótí nokkur ákvæði 1. málsg. 20. gr., varðar það veitingasala, ef það er með vitund hans, 500—5000 króna sekt og neytanda 500—4000 króna sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsg. 20. gr. varða félagsstjórn, þjónustumenn og neytendur 500—10 000 kr. sektum.

Brot gegn 3. málsg. 20. gr. varða sektum frá 500—4000 kr. Áfengi, sem borið er ólöglega inn á veitingastað eða út af honum, skal gert upptækt.

Brot gegn 4. málsg. 20. gr. varða ungmenni áminningu eða sektum frá 100—500 kr., en veitingamann sektum frá 800—6000 kr.

13. gr.

44. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn 21. gr. varða sektum frá 500—5000 kr., nema þyngri refsing liggir við að öðrum lögum.

Áfengi í vörzlu þeirra, sem brotlegir gerast samkv. þessari grein, skal gert upptækt.

14. gr.

Sektarákvæði í 45. gr. laganna breytist þannig, að í stað „400—2000“ komi: 800—4000, og í stað „800—4000“ komi: 1600—8000.

15. gr.

Sektarákvæði í niðurlagi 46. gr. laganna breytist þannig, að í stað „200—16 000“ komi: 500—20 000.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1969.

17. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlzt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í áfengislög, nr. 58 24. apríl 1954, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Fyrir næstsíðasta Alþingi lá stjórnarfrumvarp til laga um breyting á áfengis-
lögum, nr. 58 24. apríl 1954, en frumvarpið var samið af áfengismálanefnd, sem
kosin var af Alþingi í maí 1964 samkvæmt þingsályktun um athugun á áfengis-
vandamálinu.

Frumvarpið varð eigi útrætt á því þingi, en á síðasta þingi flutti allsherjarnefnd
frumvarp, samhljóða frumvarpi því, sem hér er flutt. Var frumvarpið að flestu
leyti samhljóða stjórnarfrumvarpinu frá 1966, en frávik eru þessi: Miðað er við
20 ára aldur í stað 21 árs, og er það í samræmi við breytingar á aldursmörkum, sem
samþykktar voru á síðasta Alþingi, þ. e. kosningarréttur og kjörgengi, lögræðisaldur
og hjúskaparaldur. Fellt er niður það skilyrði, sem var í fyrra frumvarpi, að skylda
vínveitingahús til að hafa opið án vínveitinga eitt laugardagskvöld af hverjum
fjórum. Auk þess er lagt til, að önnur skilríki en nafnskirteini geti orðið sönnunar-
gögn um aldur á sama hátt og nafnskirteini, og er þá átt við ökuskirteini, vegabréf
og önnur þvílík opinber skirteini, sem veita upplýsingar um aldur.

Loks er tekin upp í frumvarpið tillaga borgarstjórnar Reykjavíkur um breytt
fyrirkomulag áfengisvarna í Reykjavík í samræmi við samþykkt borgarstjórnar
Reykjavíkur frá 20. júlí 1967 um nýskipan félagsmála í Reykjavík. Er samþykkt
borgarstjórnar prentuð sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Fyrst um sinn mun áfengisvarnanefnd ætlað að annast bindindis- og fræðslu-
starfsemi, en félagsmálaráð mun annast aðstoð við drykkjumenn og fjölskyldur
þeirra. Gert er ráð fyrir því, að nánari ákvæði um verkaskiptingu milli félags-
málaráðs og áfengisvarnanefndar verði sett í reglugerð.

Að öðru leyti en hér greinir vísast til athugasemda með frumvarpinu, sem lá fyrir
Alþingi 1966 (þskj. 10), þar á meðal um skýringar á einstökum greinum.

Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til frv.

Fylgiskjal.

Samþykkt borgarstjórnar frá 20. júlí 1967 um nýskipan félagsmála.

1. Stefnt skal að því, að félagsmálastarfsemi Reykjavíkurborgar verði samræmd
með því að fella hana undir eina stjórn. Megináherzlu skal leggja á fjölskyldu-
vernd, fyrirbyggjandi starf og endurhæfingu fjölskyldna og einstaklinga og að
sami félagsmálastarfsmaður fjalli sem mest um hvert heimili.
2. Stofna skal félagsmálaráð, er samræmi félagsmálastarf borgarinnar og fari með
stjórn félagsmálastofnunarinnar, sbr. 3. lið. Félagsmálaráð heyri undir borgar-
stjórn, sem setur nánari reglur um verksvið þess. Að því skal stefnt, að félags-
málaráð taki að sér að nokkru eða öllu leyti þau verkefni, sem í lögum eru
falin framfærslunefnd, barnaverndarnefnd og áfengisvarnanefnd. Skal borgarráð
vinna að tillögum um nauðsynlegar lagabreytingar í þessu efni.
Að öðru leyti eru viðfangsefni félagsmálaráðs sem hér segir:
 - a. verkefni, sem ákveðin eru í lögum eða af borgarstjórn, þar með talin verk-
efni nefnda, sem kosnar hafa verið af borgarráði eða skipaðar af borgar-
stjóra til þess að vinna að einstökum félagslegum verkefnum, nema borgar-
ráð eða lög ákveði annað; félagsmálaráð gerir fyrir n. k. áramót tillögur
til borgarráðs (stjórnkerfisnefndar) um stöðu þessara nefnda;
 - b. eftirlit með félagsmálastofnunum borgarinnar og frumkvæði að eflingu
félagsmálastarfs í Reykjavík;
 - c. áætlanir um byggingu félagsmálastofnana, starfsliðspörf og menntun starfs-
fólks;
 - d. tillögugerð að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar, að því er tekur til félags-
mála.

Félagsmálaráð er svo skipað, að í því eiga sæti 7 menn: Borgarstjóri eða fulltrúi hans, og er hann jafnframt formaður, og 6 menn kosnir hlutfallskosningu af borgarstjórn og jafnmargir til vara. Kjörtímabil félagsmálaráðs er hið sama og borgarstjórnar. Borgarstjórn getur leyft, að flokkur, sem á fulltrúa í borgarstjórn, en ekki kjörinn fulltrúa í félagsmálaráði, megi tilnefna fulltrúa (varafulltrúa) til að sitja fundi með málfrelsi og tillögurétti.

3. Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar fer með framkvæmd á ákvörðunum félagsmálaráðs.

Verkefni hinnar nýju félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar verða því sem hér segir:

- a. starfsemi, sem áður heyrði undir Skrifstofu félags- og framfærslumála, þ. e. framfærslumál, félagsmál, húsnæðismál og ellimál;
 - b. rekstur barnaheimila (vistheimila) og umsjón með rekstri barnaheimila Barnavinafélagsins Sumargjafar;
 - c. barnaverndarstarf, að svo miklu leyti sem lög um vernd barna og ungmenna heimila. Er skrifstofa barnaverndarnefndar deild í Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar;
 - d. áfengisvarnarstarf, sbr. þó lög nr. 58/1954, og samstarf við áfengisvarnadeild Heilsuverndarstöðvar.
4. Stefna skal að því, að öll félagsmálastarfsemi borgarinnar verði á einum stað í sameiginlegu húsnæði.